

Í Úkraínu er strákunum slátrað meðan spillingin blómstrar. Vitundariðnaður, hugstjórnun og fjölmiðlalygar

Fréttamenn RÚV eru blygðunarlaust vilhallir í umfjöllun sinni um stríðið í Úkraínu. Fréttaskeytin frá Reuters (og viðlíka fréttaveitum) eru lesin gagnrýnislaust. Það er engu líkara, en um guðspjall sé að ræða.

Slík innræting hinna réttu viðhorfa er algeng á Vesturlöndum. Nýlega var t.d. þaulreyndur blaðamaður frá ríkisútvarpsstöð Nýja-Sjálands (Radio New Zealand) látinn taka pokann sinn. Trúlega myndi RÚV taka svo til orða, að hann hefði sýnt af sér „upplýsingaóreiðu,“ því synd hans fólst í því að reyna það, sem RÚV á lögum samkvæmt líka að gera, þ.e. að bregða birtu á allar hliðar máls. Í þeirri viðleitni notaði blaðamaðurinn upplýsingar frá rússneskum miðli. Ætli slík hætta steðji að fréttamönnum RÚV?

Heimskan ríður sjaldan við einteyming, nema sé um vísvitandi rangfærslur og lygar að ræða, vitundariðnað í þágu stríðauðjöfra og þýja þeirra meðal stjórnámálanna. Fyrir skemmstu innti Hallur Hallsson RÚV eftir skýringu á hollustu stofnunarinnar við rétttrúnaðarfréttaveituna, „Hið traustvekjandi frumkvæði“ (Trusted Initiative). Svar óskast enn.

Þegar grannt er skoðað, greindi nýsjálenski blaðamaðurinn einungis rétt frá staðreyndum. Guðirnir einir vita, hvort hann hættir sér í sömu vegferð og Daniel Ellsberg (f. 1931), starfsbróðir hans í BNA og hættulegasti fjandi þeirra, sem lést þann 16. þessa mánaðar. Daniel ljóstraði upp um lygarnar um Víetnam stríðið, var stungið í steininn, en sótti ríkisvaldið til saka. Hann skrifaði m.a. bókina, „Dómsdagsvélina“ (The Doomsday Machine).

Svissneski leyniþjónustumaðurinn og fyrrum ráðgjafi Nató, Jacques Baud, er af sama sauðahúsi. Hann trúir – öndvert við forheimskunarfréttastofu RÚV – að sannleikurinn sé sagna bestur. Enda reynir hann að opna augu fólks fyrir staðreyndum eins og t.d. eftirfarandi:

Leyniþjónusta Bandaríkjanna hefur um áratuga skeið starfað á úkraínsku þjóðinni, skapað sundrunu, óreiðu og uppþot. Bandaríkjamenn steypu lýðræðislega kjörinni ríkisstjórn í samráði við Nató og innlenda auðvalda árið 2014.

Þá fóru „rússnesku“ héruðin í Donbass fram á sjálfstjórn. Þau héldu atkvæðagreiðslu, án samþykkis rússneskra stjórnvalda. Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu

(Organization for Security and Cooperation- OSCE), hefur staðfest, að Rússar höfðu ekki vopnuð afskipti af baráttu fólks í Donbass, áður en til innrásar þeirra kom.

Í Minsk samningunum fóru Rússar heldur ekki fram á sjálfstæði Donbass til handa, heldur sjálfstjórn innan Úkraínuríkis. Rússar hafa aldrei lýst því yfir eða sýnt tilburði til að hertaka Úkraínu. Það vakir fyrir þeim að vernda „landa sína“ í austur héruðunum.

Það er ekki ólíklegt, að rússnesk yfirvöld muni reyna að fara sömu leið í Úkraínu og yfirmenn Ráðstjórnarríkjanna í annarri heimstyrjöldinni, þegar þeir drógu heri sína út úr Austurríki gegn yfirlýsingu um hlutleysi.

Þrátt fyrir samningssvik, vilja rússnesk stjórnvöld enn reyna friðarumræður. Það er Nató fjarlæg hugsun. Þvert á móti eru stríðsóðir stjórnámálamenn gjöfulir á fé almennings til ófriðar. Meira að segja ætla Bandaríkjamenn nú að senda fullkomnar stríðspotur, sem geta borið kjarnorkuvopn. Fyrir en varði gæti gætu þessir bágstöddu stjórnámálamenn valdið kjarnorkustyrjöld. Hirsosima og Nagasaki dugar þeim ekki.

Bandaríkjamenn höfðu vit á því árið 1962/63 að taka niður kjarnorkueldflaugar sínar í Tyrklandi. Flugarnar, sem Ráðstjórnarríkin höfðu komið fyrir á Kúbu, voru sömuleiðis fjarlægðar. Þar með var annarri kjarnorkuvopnarárás afstýrt. En sum sé; sú þriðja vofir yfir. Bandaríkjamenn hafa einir þjóða beitt þessum skelfilegu vopnum.

Bandaríski hagfræðingurinn, Jeffrey Sachs, sem lifað hefur og hræst í þróun alþjóðamála á austurvígstöðvunum síðustu áratugi, bendir á hættunarnar. Jeffrey hefur verið ráðgjafi fleiri ríkisstjórna. Hann varar sérstaklega við þróuninni í Austur-Evrópu, ekki síst hættunni á kjarnorkustyrjöld.

Jeffrey beinir í þessu sambandi athyglinni að friðarræðu John F. Kennedy árið 1963. Hann féll fyrir hendi morðingja eins og fleiri forsetar Bandaríkjanna, sem voru auðjöfrunum óþægir ljáir í þúfu.

Stríð skal það vera upp á líf og dauða. Því hafa Bandaríkjamenn, Bretar og Nató, spillt friðarsamningum milli Úkraínnumanna og Rússa. Hergögn eru send í stað friðarerindreka. Þjóðverjar hafa samið stríðsáætlun og vígvæðast sem óðast. Nató-ríkin beita óspart fyrir sig úkraínskum drengjum í þágu auðlindabjofa og stríðsgróðapunga.

Það vakti raunar aldrei fyrir Bandaríkjamönnum í lok annarrar heimstyrjaldar að semja eiginlegan frið. Þeir ætluðu sér að hervæða Þýskaland á ný og fylkja Vesturlöndum til baráttu gegn Ráðstjórnarríkjunum og Kína. Til þess arna var Nató stofnað.

Nú eru Rússar þess heiðurs aðnjótandi að vera fyrsti óvinur Nató. Í því ljósi er það skiljanlegt, að Bandaríkjamenn – með leyniþjónustuna í þágu hergagnaiðnaðarins og bankanna í broddi fylkingar- hafi lagt sig í líma við að spilla friðarumleitunum og kollvarpa stjórnvöldum, sem þeim þykja ógeðfelld og kynnu að spilla stefnu þeirra.

Samtímis hernaðarbrölti í Úkraínu er háður hernaður um hugi Vesturlandabúa. Vitundariðnaðurinn er óbrigðull. Við þekkjum öll mátt auglýsinganna, en það er engu líkara en að stjórnvöld hafi lagst í hernað gegn eigin þegunum um þessar mundir með kerfisbundnum upplýsingahernaði.

Kanadíski blaðamaðurinn, James Corbett, segir hernaðinn þennan hafa fimmtu kynslóðar yfirbragð; hugsanastjórnun og rafpöku (electrosmog). James segir:

„Það er stríð gegn öllum. Um er að ræða stríð sérhvers ríkisvalds gegn íbúum eigin ríkis. Það er háð á sérhverjum hugsanlegum vígvelli og samtímis á sérhverju sviði. Og þegar upp er staðið er það upplýsingastríð. ... Þetta er stríðið um huga þinn.“

Fréttaveitum Vesturlanda er meinilla við að fræða okkur um eiginlegan tilgang afskipta Nató í Úkraínu, sem svipar mjög til þess, sem fordæmi eru fyrir í Afganistan og víðar, þ.e. að kasta út stríðsagni. Við eigum að trúá því, rétt eins og í Víetnam-, Írak- og Afganistanstríðinu, að Nató sé að bjarga okkur undan vondu körlunum og berjast fyrir lýðræði, frelsi og friði, eins og bæði í fyrstu og annarri heimstyrjöldinni.

Í reynd er verið að berjast fyrir heimsveldisstefnu Vesturlanda – sér í lagi Bandaríkjanna – og hagsmunum þeirra yfirleitt og nokkurra alþjóðlegra fyrirtækja og fjársjúkra stjórnámálanna. Einn þeirra er sjálfur forseti Bandaríkjanna og sonurinn, Hunter. Spillingin er ógeðfelld, svo ekki sé meira sagt.

Úkraínska gassamsteypan, Burisma, stofnaði sérstakan spillingarreikning á Malta í nafni Hunter Biden. Uppljóstrarinn hjá fyrirtækinu lést, áður en hann náði að bera vitni fyrir dómstóli.

Áður en innrás Rússa brast á mátti endrum og sinnum reka augun í greinar meginstraumsmiðla um spillingu Úkraínumanna. Síðan hefur loku verið skotið fyrir þá umræðu – þar til nú, að einstaka miðli er ofboðið eins og Kveldpóstinum (Aftenposten) í Noregi.

Blaðamenn þar á bæ spyrja sig um ástæðu þess, að andvirði 35 milljóna norskra króna sé staflað á sófa á skrifstofu hæstaréttar landsins. Greinin ber titilinn: „Spilltir embættismenn stela öllu steini léttara [í Úkraínu], meðan hermenn berjast fyrir lífi sínu á vígstöðvunum.“

Spillingin birtist í margvíslegum myndum. T.d. eru vopn Vesturlandabúa seld á svörtum markaði, ungir karlar borga sig frá herþjónustu, aðrir kaupa sér læknisvottorð, sala á glæsiköggum (Rolls-Royce, Maybacher t.d.) hefur tvöfaldast.

Sumir kagganna eru seldir Rússum í Hvíta-Rússlandi. Aukin heldur fá fyrirtæki fyrirframgreiðslur fyrir vopn, sem aldrei eru framleidd og fyrirtæki maka krókinn á vistum til hersins, svo tæpt sé á nokkrum atriðum. Það getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir almenna borgara að afhjúpa spillinguna eins og dæmin sanna.

Mansal, vændi, barnsrán og líffærnam, hefur verið stundað í Úkraínu um nokkurt skeið. Fjölmíðlar víkjast flestir undan því að fjalla um skelfilega glæpi í þessu efni, sem eiga sér stað í samráði við alþjóðlega glæpahringi.

Rússneskir hermenn hafa ekki einungis bent á rannsóknarstofur og verksmiðjur til framleiðslu á líftæknivopnum, heldur hafa þeir einnig vakið athygli á hryllingnum í sambandi við barnsrán og líffæranám úr úkraínskum börnum. Sum þeirra hafna vafalítið hjá barnaníðinga- og blóðsugugengjum eins og þeim, sem Hillary Clinton hefur margsinnis hefur verið orðuð við. Sagnfræðingurinn Mike King uppnefndir hana reyndar „Killary.“

Úkraínskur hermaður hefur einnig skýrt frá heimsókn á hersjúkrahús til að heimsækja helsærðan vin. Hermanninum brá heldur betur í brún, þegar hann varð vitni að því, að verið var að fjarlægja líffæri úr vininum.

<https://consortiumnews.com/2023/06/13/suspended-for-providing-balanced-news-on-ukraine/>

<https://consortiumnews.com/2023/06/20/memories-of-dan-ellsberg/>

<https://consortiumnews.com/2022/12/29/on-the-influence-of-neo-nazism-in-ukraine/>

<https://consortiumnews.com/2022/12/29/evidence-of-us-backed-coup-in-kiev/>

<https://www.realhistorychan.com/frazzledrip.html>

<https://www.wsws.org/no/articles/2023/06/16/pers-j16.html>

<https://rumble.com/v2ulmz3-burisma-accountant-who-blew-whistle-on-biden-crimes-found-dead.html>

<https://thefederalist.com/2023/06/15/the-bidens-coerced-burisma-to-pay-10-million-in-bribes-says-credible-fbi-source/>

<https://www.indianpunchline.com/russia-wont-let-ukraine-be-bleeding-wound/>

<https://caitlinjohnstone.substack.com/p/why-propaganda-works>

<https://www.grassley.senate.gov/news/remarks/grassley-fbi-redacted-references-to-recordings-in-biden-allegation-shared-with-congress>

https://steigan.no/2023/06/oberst-macgregor-russland-valser-ned-den-ukrainske-motoffensiven/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://thewashingtonstandard.com/newly-discovered-ukraine-opened-biden-bank-account-in-maltese-for-alleged-10-million-bribery-payment/>

<https://www.bmvg.de/de/nationale-sicherheitsstrategie>

<https://expose-news.com/2023/06/20/james-corbett-electrosmog-and-thought-control/>

https://korybko.substack.com/p/putin-strongly-suggested-that-a-political?utm_source=substack&utm_medium=email

https://steigan.no/2023/06/hvil-i-fred-daniel-ellsberg/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.voltairenet.org/article219514.html>

<https://www.voltairenet.org/article219351.html>

<https://www.theguardian.com/world/2023/jun/09/new-zealand-outlet-investigates-russia-friendly-editing-of-ukraine-articles>

https://www.theguardian.com/world/2023/jun/12/radio-new-zealand-employee-placed-on-leave-amid-investigation-into-pro-russia-editing-of-ukraine-reports?CMP=share_btn_tw

<https://www.globalresearch.ca/setting-the-record-straight-stuff-you-should-know-about-ukraine/5807548>

<https://www.globalresearch.ca/putin-what-really-matters-chessboard/5822846>

<https://www.globalresearch.ca/nato-all-was-nothing/5822799>

<https://www.globalresearch.ca/video-war-ukraine-media-lies-prof-michel-chossudovsky-lux-media/5822294>

<https://www.globalresearch.ca/russia-ukraine-war-another-act-of-terror-met-by-western-media-silence/5822694>

https://korybko.substack.com/p/putin-chose-the-perfect-time-to-reveal?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.youtube.com/watch?v=rjocQFG6TcQ>

<https://www.globalresearch.ca/americas-perpetual-war-six-questions/5822008>

<https://www.globalresearch.ca/the-military-situation-in-the-ukraine/5778420>

<https://www.globalresearch.ca/the-military-situation-in-the-ukraine/5778420>

<https://www.globalresearch.ca/ukraine-harvesting-children-organs-adrenochrome-labs/5822575>

<https://www.globalresearch.ca/putin-chose-perfect-time-reveal-details-about-now-defunct-draft-treaty-ukraine/5822767>

https://korybko.substack.com/p/whyd-biden-just-discredit-inside?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.informationclearinghouse.info/57607.htm>

<https://www.globalpolitics.se/hojdpunkter-fran-putins-politiska-tal-vid-st-petersburgs-internationella-ekonomiska-forum-spief/>

<https://www.globalpolitics.se/jeffrey-sachs-om-bakgrunden-till-dagens-mycket-farliga-varld/>

<https://www.zerohedge.com/geopolitical/ukraine-rocked-corruption-scandal-wave-top-official-resignations-sports-cars-mansions>

<https://english.nv.ua/business/sbu-searches-oligarch-kolomoisky-s-residence-over-misappropriation-of-1-billion-50301357.html>

<https://news.yahoo.com/anti-corruption-authorities-confirm-arrest-132700813.html>

<https://www.transparency.org/en/cpi/2021>

<https://www.occrp.org/en/the-pandora-papers/pandora-papers-reveal-offshore-holdings-of-ukrainian-president-and-his-inner-circle>

https://steigan.no/2023/06/ukrainas-motoffensiv-lider-forferdelige-nederlag/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.aftenposten.no/verden/i/bgGl/ukraina-kaaret-til-europas-mest-korrupte-land>

<https://www.aftenposten.no/verden/i/pQXyrV/sofaen-var-stappfull-av-dollar-bildet-viser-at-noe-er-alvorlig-galt-i-ukraina>

Viðauki:

<https://gilbertdoctorow.com/2023/06/20/end-game-in-the-ukraine-war-approaches-with-lightning-speed/>